

Akureyri 5. desember 2019.

Til bæjarráðs Akureyrar.

*Erindi: Ítrekun á bréfi til bæjarstjóra, bæjarfulltrúa og sviðsstjóra hjá Akureyrarbæ frá 12. nóvember. Þar er mótmælt fyrirhuguðum breytingum á "Litla-Kleppi" við Tónatröð og þess krafist, að farið verði að gildandi deiliskipulagi fyrir Tónatröð og Spítalaveg. Bæfið er frá öllum húseigendum við áður nefndar götur, að tveimur undanteknum, sem ekki náðist til.*

Það má vel vera, að fyrra bréf okkar hafi lent í ruslakörfu bæjarins. En það vill svo skemmtilega til, fyrir hreina tilviljun, að við höfum við hendina afrit af bréfinu og kemur það hér á eftir orðrétt:

*„Syðst á Suðurbrekkunni stendur lítið látlaust hús, sem er engu að síður áberandi í umhverfi sínu, þar sem byggingarlag þess stingur í stúf við flest önnur hús í hverfinu. Meðal bæjarbúa, sem muna fram undir miðja síðustu öld, hefur það gengið undir nafninu "Litli-Kleppur". Þar var eitt sinn geðdeild Sjúkrahússins á Akureyri. Þegar bygging þessi þótti ekki lengur boðleg til hjúkrunar, vegna ástands hússins, keypti Akureyrarbær það til niðurrifs, enda var það metið ónýtt. Ekki var húsið þó rifið, en leigt Lionsmönnum. Ekki voru íbúarnir í hverfinu spurðir þá, hvort þeir væru sáttir við þessar breytingar á notkun hússins. Við létum þetta þó yfir okkur ganga málstaðarins vegna, þar sem Lionsmenn vinna þarft verk fyrir okkar samfélag. Engu að síður var bílafjöldinn vegna funda þeirra stundum til vandræða. Stundum komumst við ekki að heiman og jafnvel ekki heim heldur.*

*En nú eru Lionsmenn farnir fyrir nokkru og húsið hefur staðið tóm tómt síðan í vor. "Akureyrarbær þarf víst á húsinu að halda, en verði þeim að góðu," sögðu Lionsmenn þegar þeir fluttu út. Þeir sögðu húsið nær ónýtt; allar lagnir væru að gefa sig og gluggar héldu vart vatni eða vindi. Þar að auki sögðu þeir einangrun lélega, þannig að þeim gekk illa að halda hita í húsinu, ekki síst vegna þess að þar eru ekki vatnsofnar eða lagnir fyrir hitaveitu. Það var mat byggingafróðra Lionsmanna, að það væri ódýrari kostur að byggja nýtt hús, í stað þess að lappa upp á þetta 70 ára gömlu byggingu.*

*Í viðræðum íbúa í hverfinu á förnum vegi hafa þeir helst*

*hallast að því, að nú ætti loks að rífa húsið, enda passar það illa inn í þá heildarmynd sem hverfið á að skapa. Engu að síður hafa okkur af og til verið að berast sögusagnir um allt annað. Nú sjáum við að iðnaðarmenn hafa verið að stikla í kring um húsið. Hvað stendur til? Svárið kemur fram í fundargerð skipulagsráðs frá því 30. október. Þar kemur fram ósk frá umhverfis- og mannvirkjasviði bæjarins, sem vill breyta húsinu í tvær íbúðir fyrir einstaklinga, sem leigja félagslegt húsnæði hjá Akureyrarbæ. Þannig á húsið að nýtast til skamms tíma, en við vitum að “skammur tími” hjá bænum getur varað árum saman - og jafnvel gott betur. Í þessari bókun skipulagsráðs er reyndar talað um Spítalaveg 11, en ekki Litla-Klepp eða Tónatröð 6, sem er skráningarnafn hússins og lóðarinnar samkvæmt núgildandi skipulagi.*

*Við mótmælum þessum vinnubrögðum harðlega. Hugmyndir umhverfis- og mannvirkjasviðs ganga á skjön vil gildandi skipulag, þær ganga á skjön við það sem stjórnendur bæjarins sögðu þegar síðasta skipulag af svæðinu var staðfest og þær ganga einnig á skjön við heilbrigða skynsemi. Fyrst og fremst vegna þess, að húsið er í það slæmu ástandi, að það yrði kostnaðarminna að byggja nýtt hús, sem yrði þá í stíl við önnur hús á svæðinu, samkvæmt skilmálum í gildandi skipulagi.*

*Ef við snúum nú málinu á hvolf. Gefum okkur, að Gísli Sigurgeirsson sé eigandi að Litla-Kleppi og hafi rekið þar gleðihús til margra ára. En nú ætlar Gísli að snúa sér að öðru og hefur hug á að breyta húsinu fyrir allt aðra og ábatasamari starfsemi. Hann getur ekki gert það þegjandi og hljóðalaust. Hann þarf að senda bréf út og suður, láta teikna og leggja fram lillögur að nýju skipulagi. Síðan kemur til grenndarkynninga og alls konar málavafsturs, sem þið þekkið. Gildir ekki það sama um Akureyrarbæ? Þurfa ekki starfsmenn bæjarins að fara að gildandi skipulagi og vinnureglum, sem stjórnendur hans hafa sjálfir sett?*

*Nú lifum við enn í þeirri von, að áætlanir um að endurbyggja húsið verði kastað út í hafsauga, húsið síðan rífið og lóðin auglýst fyrir nýbyggingu. Þessi von lifir í*

*brjóstum okkar, ekki síst vegna þess að við þekkjum stjórnendur bæjarins af velvilja og snotru hjartalagi.*

*Með góðri kveðju syðst af Suðurbrekkunni;  
Gísli Sigurgeirsson og Guðlaug Ringsted, Tónatröð 8.*

*Undirritaðir íbúar við Spítalaveg og Tónatröð taka undir meginatriðin, sem fram koma í bréfi Gísla og Guðlaugar. Breytt nýting á Litla-Kleppi" og endurbætur á húsinu eru ekki í samræmi við gildandi skipulag. Enda segir í bókun skipulagsráðs frá 30. október, þar sem fjallað er um beiðni umhverfis og skipulagsráðs um leyfi til að breyta húsinu í tvær íbúðir: "Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir húsið verði rífið og í staðinn byggt nýtt einbýlishús". Ef gera á breytingar á því skipulagi þarf að kynna þær fyrir íbúum hverfisins og kanna viðhorf þeirra.*

*Kolbrún Sigurgeirsdóttir og Ómar Þórisson,  
Tónatröð 1.*

*Sigurður Ingolfsson og Kristbjörg Ingólfssdóttir,  
Tónatröð 5.*

*Þorbjörg Ingvadóttir og Ólafur Tr. Kjartansson,  
Spítalavegi 9.*

*Snorri Björnsson og Hildur Fríriksdóttir,  
Spítalavegi 13.*

*Þórarinn Hjartarson og Margrét Guðmundsdóttir  
Spítalavegi 17.*

*Hrafnhildur Gunnarsdóttir og Helgi Friðjónsson,  
Spítalavegi 19.*

*Jóhanna Steinmarsdóttir,  
Spítalavegi 21.*

*Hilma Sveinsdóttir og Jón Georg Aðalsteinsson,  
Spítalavegi 21."*

---

Þessu bréfi hefur í engu verið svarað, en samt sem áður virðist vera fullur vilji til þess hjá stjórnendum bæjarins, að setja kraft í þær framkvæmdir, sem við erum að mótmæla. Þetta kemur fram í samþykkt meirihluta skipulagsráðs frá 27. nóvember 2019. „Meirihluti skipulagsráðs bendir á að heimild er í deiliskipulagi til að rífa húsið og byggja nýtt en gerir þó ekki athugasemd við breytingu á húsinu í tvær íbúðir...”

Finnst stjórnendum bæjarins það sæmandi, að ætla að ganga á svig við gildandi skipulag við Tónatröð, þvert á vilja nær allra húseigenda á svæðinu? Reyndar virðist meirihluti skipulagsráðs hafa fundið "gat" í skipulaginu, sem heimili þennan gjörning, þar sem deiliskipulag á svæðinu heimili aukaíbúð í einbýlishúsum á svæðinu. Þessi heimild fyrir aukaíbúð "í einbýlishúsum á svæðinu" er að okkar mati hugsuð fyrir þau hús, sem enn á eftir að byggja. Þar að auki er ekki verið að tala um neina „aukaíbúð" í „Litla-Kleppi", það er ætlunin að breyta húsinu í tvær jafn stórar íbúðir. Það er því heldur langsótt, að uppfæra „aukaíbúðina" á hús sem byggt var fyrir um 70 árum. Þar að auki er um að ræða breytta starfsemi í húsinu, en heimild til slíkra breytinga hlýtur einnig að þurfa í grenndarkynningu.

Ef stjórnendur bæjarins ætla að fylgja samþykkt meirihluta skipulagsrás eftir, er það jafngildi stríðshanska í andlit okkar íbúa við Tónatröð og Spítalaveg. Við erum svo sem tilbúin í „stríð", en hefðum heldur kosið að bæjarfulltrúar sýndu okkur það snotra hjartalag og manngæsku, sem þeir eru þekktir fyrir. Það væri farsælla fyrir alla aðila málsins og í anda þeirrar hátíðar, sem brátt gengur í garð.

Kveðjur góðar af Brekkunni,  
f.h fyrir nefndra íbúa við Spítalaveg og Tónatröð,

Gísli Sigurgeirsson, Tónatröð 8